

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 936 (5.3.2020) - Snjómokstur 2020

Málsnúmer : 202002053
Málsaðili : Umhverfis- og tæknisvið
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 05.03.2020

Inngangur : Jón Ingi Sveinsson vék af fundi kl. 13:00 vegna vanhæfis.

Börkur Þór Ottósson, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs og Steinþór Björnsson, deildarstjóri eigna- og framkvæmdadeildar, komu á fundinn kl. 13:00.

Til umræðu snjómokstur í vetur. Veturinn hefur verið mjög snjópungur og miklir umhleyplingar sem oft á tíðum kalla á daglegan snjómokstur bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Með fundarboði fylgdi samantekt á kostnaði vegna snjómoksturs í Dalvíkurbyggð árin 2015-2020 þar sem fram kemur að í desember 2019 og janúar og febrúar 2020 er varið meiri fjármunum til snjómoksturs en í nokkrum öðrum mánuðum á þessu 5 ára tímabili.

Þannig er meðaltal kostnaðar vegna snjómoksturs árin 2015-2018 um 25 milljónir króna á ári. Árið 2019 varði Dalvíkurbyggð tæpum 40 milljónum króna í snjómokstur í heild, stærsti einstaki mánuðurinn var desember með 15 milljónir króna. Janúar 2020 kostaði 11,5 milljónir króna og áætlað er að febrúar hafi kostað um 14 milljónir króna í snjómokstri.

Í fjárhagsáætlun 2020 var gert ráð fyrir 25,8 milljónum í snjómokstur á deild 10600 og er það fjármagn að klárast um þessar mundir.

Aðeins er um að ræða að draga mjög verulega úr þjónustu eða samþykkja viðauka. Með fundarboðinu fylgdi beiðni um viðauka upp á 20 milljónir króna á deild 10600 lykil 4948, snjómokstur. Viðaukanum verði mætt með lækkun á handbæru fé.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir með 2 atkvæðum viðauka nr. 9 við fjárhagsáætlun 2020 að upphæð 15 milljónir króna, við deild 10600-4948 vegna snjómoksturs. Viðaukanum verði mætt með lækkun á handbæru fé. Vísað til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Jón Ingi greiðir ekki atkvæði vegna vanhæfis.

Byggðaráð lýsir yfir áhyggjum sínum af því að það fjármagn, sem er úthlutað til Vegagerðarinnar til snjómoksturs, dugar engan vegin til í árferði eins og verið hefur í vetur. Því er nauðsynlegt að til komi aukafjárveitingar til Vegagerðarinnar til snjómoksturs í Eyjafirði á móti þeim aukafjárveitingum sem sveitarfélögin eru að leggja til. Sveitarstjóra er falið senda slíka beiðni til Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis.

Byggðaráð felur sveitarstjóra að sækja um viðbótarframlög úr Jöfnunarsjóði vegna snjómoksturs veturinn 2019-2020.